Fundargerð 487. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2026, miðvikudaginn 21. október kl. 18:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Hótel Keflavík í Reykjanesbæ.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Elliði Vignisson og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 486. fundar - 2509016HA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 486. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 2. október 2026 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. **Hafnasambandsþing 2026 - 2510001HA**

   Rætt um undirbúning og framkvæmd hafnasambandsþings 2026. Einnig lögð fram til kynningar ársskýrsla Hafnasambands Íslands og tillaga að ályktun fyrir hafnasambandsþing.

   Dagskrá hafnasambandsþingsins var samþykkt ásamt tillögu um Alexöndru Jóhannesdóttir og Pétur Markan sem forseta þingsins. Samþykkt var að hafnafundur 2027 verði hjá Faxaflóahöfnum og hafnasambandsþing 2028 hjá Vestmannaeyjahöfn.
   Stjórn samþykkir jafnframt að vísa til nýrrar stjórnar að fara í endurskoðun á samþykktum og tekjuflokkum fyrir fulltrúa á hafnasambandsþingi.

3. **Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - Gjaldaákvæði hafnalaga - óskað umsagnar - 2605001HA**

   Starfsmaður kynnti stöðuna á vinnu ráðuneytisins vegna vinnu við breytingu á gjaldskrárákvæðum hafnalaga.

4. **Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2026 - 2610001HA**

   Lögð fram til kynningar úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2026.

5. **ESPO - 2509013HA**

   Gunnar Tryggvason fór yfir það helsta sem var fjallað um á ESPO fundi sem fór fram 6. október sl.

6. Virðisaukaskattur á hringsiglingaskip - 2601003HA

Lögð fram tillaga að samtarfsúttekt með Cruise Iceland frá Reykjavík Economics vegna virðisaukaskatts á hringsiglingar.

Stjórn samþykkir að taka þátt í kostnaði við skýrsluna. Áætlaður kostnaður er 1.017.000 kr. auk virðisaukaskatts. Kostnaður skiptist jafnt milli Hafnasambands Íslands og Cruise Iceland.

Að lokum, á síðasta fundi núverandi stjórnar, voru Hönnu og Friðbjörgu færðar kærar þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Stjórnarmenn þökkuðu jafnframt hver öðrum fyrir farsælt samstarf og ánægjulega samleið á liðnu kjörtímabili.

Fundi var slitið kl. 19:15